

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Kratus Hvalfjörður



|                            |                      |                         |                          |
|----------------------------|----------------------|-------------------------|--------------------------|
| <b>Dags eftirlits</b>      | 25.11.2015           | <b>Fulltrúi UST</b>     | Halla Einarsdóttir       |
| <b>Fyrirtæki</b>           | Kratus               | <b>Fulltrúi UST</b>     | Sigríður Kristjánsdóttir |
| <b>Heimili</b>             | Klafastaðavegi 4     | <b>Tegund eftirlits</b> | Fyrirvaralaust           |
| <b>Kennitala</b>           | 4307002270           | <b>Flokkur</b>          | Verksmiðja               |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | Matthías Matthíasson | <b>ÍSAT nr.</b>         | 3832                     |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> |                      | <b>Staðsetning</b>      | 64,355088 -21,788370     |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit vegna ábendingar frá slökkviliðsstjóra Vesturlands um megna ammoníakslykt í verksmiðjunni og á lóðinni daginn áður. Þráinn Ólafsson slökkviliðsstjóri kom með í eftirlitið.

Þrjú frávík voru staðfest í eftirlinu. Rekstraraðili hefur hafið vinnslu á álgjalli með saltlausum feril sem ekki er skilgreindur í starfsleyfi og hráefni og úrgangur er geymdur utan lóðar fyrir aftan vinnslusal. Þriðja frávikið er vegna óviðunandi frágangs lóðar en áform rekstraraðila um viðbyggingu og frágang lóðar í kjölfarið hafa dregist frá því sem fram hefur komið í fyrri eftirlitum.

Þá voru gerðar tvær athugasemdir við starfsemina þar sem að ekki er byrjað að vinna eftir úrbótaáætlun vegna frávíks er varðar uppsafnað síuryk á lóðinni og vegna mikils magns af hráefnum á lóð og á nærliggjandi lóðum.

Saltkaka var ekki sjáanleg utandyra þegar eftirlitið fór fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á að ræða við rekstraraðila og slökkviliðsstjóra sem var að vinna úttekt varðandi brunavarnir í verksmiðjunni. Farið var yfir birgðastöðu og umgengni á lóðinni. Rekstraraðili hefur keypt Alur álvinnslu í Helguvík. Búið er að flytja ofn og hreinsivirki frá Helguvík og setja upp í Kratus. Rekstraraðili vinnur nú að hluta til álgjall með saltlausum feril þar sem að gjallsandur myndast. Gjallsandurinn flokkast sem spilliefni en ef hann fer í skolgryfju (líkt og áður var gert í Alur álvinnslu) skolast mengunarefni úr honum svo hann flokkast sem virkur úrgangur. Núverandi starfsleyfi heimilar endurvinnslu á álgjalli með saltferil. Saltkakan sem myndast í því ferli er send sem fyrr erlendis til endurvinnslu.

Ammoníakslykt má í flestum tilvikum rekja til þess að saltkaka eða gjallsandur blotnar. Þegar eftirlitið fór fram var ekki vart við mikla ammoníakslykt nema í vinnslusalnum. Saltkaka var ekki sjáanleg utandyra þegar eftirlitið fór fram.

| Frávík frá                      | Lýsing á frávíki  |
|---------------------------------|---|
| Grein 1.1 í starfsleyfi         | Rekstraraðili hefur hafið vinnslu með saltlausum feril í verksmiðjunni. Slíkur ferill er ekki skilgreindur í núgildandi starfsleyfi. Rekstraraðili sótti um undanþágu til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í lok árs 2014 vegna breytinga á starfsleyfi til að vinna álgjall með saltlausum feril. Því erindi var svarað með áformum um höfnun og veitti rekstraraðili þá andsvar við því. Ekki hefur komið svar frá ráðuneytinu hvort undanþágan fæst samþykkt. |
| Grein 1.1 í starfsleyfi         | Starfsleyfi er gefið út á lóðina Klafastaðaveg 4. Hráefni og úrgangur rúmast ekki innan þeirrar lóðar og er því geymdur að hluta til á nærliggjandi lóðum.  |
| Grein 2.3 og 2.10 í starfsleyfi | Lóðin er óafgirt og ekki með bundnu slitlagi en samkvæmt starfsleyfi skal tryggt að enginn efnaleki verði í jarðveg. Þá eru ekki olíuskiljur á þeim stöðum þar sem það á við. Fyrri áform rekstraraðila um viðbyggingu á vinnslusal og frágang lóðar í kjölfarið gerðu ráð fyrir að framkvæmdir hefðust í byrjun árs 2014 en þeim hefur seinkað og eru nú á byrjunarstigi.  |

## ATHUGASEMDIR

Athugasemd var gerð við að vinnsla síuryks var ekki hafin þegar eftirlitið fór fram en samkvæmt úrbótaáætlun skal

vera búið að vinna birgðir af síuryki fyrir 15. febrúar næstkomandi. Áflök á lóðinni eru einnig í sama magni og áður en rekstraraðili hyggst endurbæða þau í ofninum hjá sér.

Athugasemd var einnig gerð við að hráefni hefur safnast upp á lóðinni og utan lóðar fyrir aftan vinnslusal á meðan verksmiðjan var í stoppi. Mælt er til að vel sé haldið utanum móttöku hráefna í samræmi við vinnsluhraða svo birgðum á lóð sé haldið í lágmarki.

## ANNAÐ

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 19.01.2016

  
Halla Einarsdóttir

Halla Einarsdóttir